


1.5 Velferðarsvið



Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri velferðarsviðs fyrir tímabilið janúar-mars 2024 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins í heild með bundnum liðum voru 10.830 m.kr. sem var 78 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,7%. Fjárhagsaðstoð var 762 m.kr. eða 11,1% innan fjárheimilda og sérstakur húsnæðisstuðningur var 354 m.kr. eða 15,6% innan fjárheimilda. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga en upphæðin fyrir tímabilið janúar-mars var 400 m.kr. m.v. um 1.000 einstaklinga á mánuði.

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 9.715 m.kr. sem var 238 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,5%. Frávik skýrist að stærstum hluta af vistunum barna með fjölþættan vanda á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar sem voru 346 m.kr. umfram fjárheimildir eða 86%. Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk var 84,3 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3%. Stuðnings- og stoðþjónusta var 51 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,2%.

Rekstur VEL (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	1.961	1.835	127	6,9%
Laun og launat. gjöld	7.322	7.088	234	3,3%
Annar rekstrark.	4.354	4.223	131	3,1%
Nettó útgjöld	9.715	9.476	238	2,5%

Tekjur voru 127 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist helst af greiðslu fyrir síðasta ársfjórðung 2023 vegna þjónustusamning vegna flóttafólk.

Laun og launatengd gjöld voru 234 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,3%. Frávik skýrist meðal annars af miklu uppsöfnuðu orlofi og orlofsuppgjöri sem ekki var áætlað fyrir, þ.e. orlofsréttur sem var að fyrnast eftir yfirstandandi orlofstímabil, samtals 81,2 m.kr. á tímabilinu. Velferðarsvið var að greiða fyrir 2.338 stöðugildi á móti 2.292 stöðugildum í áætlun, og munar 46 stöðugildum en 55 stöðugildi eru í langtímaveikindum. Greitt er fyrir langtímaveikindi úr veikindapotti svo sviðið er í raun 9 stöðugildum innan áætlunar. Meðalveikindahlutfall var 7,2% á tímabilinu sem samsvarar 167 stöðugildum.

Annar rekstrarkostnaður var 131 m.kr. umfram fjárheimildir, sem skýrist að stærstum hluta af þjónustu við börn og ungmenni með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Gjöld vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru á tímabilinu 747 m.kr. eða 346 m.kr. umfram fjárheimildir. Annars vegar er um að ræða vistanir á vegum miðstöðva vegna fatlaðra barna og ungmenna og hins vegar börn sem eru vistuð á vegum Barnaverndar Reykjavíkur.

Þjónustupættir velferðarsviðs

Þjónustupættir VEL (m.kr.)	Raun 2024	Esk áætlun 2024	Mism. á raun og esk áætlun	%	Raun 2023	Mism. milli ára	%
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	1.567	1.637	-70	-4,3%	1.397	171	12,2%
Samningar, framlög og styrkir	1.269	1.390	-121	-8,7%	1.360	-91	-6,7%
Búsetuþjónusta	3.324	3.261	63	1,9%	2.918	406	13,9%
Félagsmiðstöðvar	168	162	5	3,3%	165	2	1,4%
Dagþjónusta	205	208	-3	-1,6%	187	18	9,4%
Heimahjúkrun	-24	-24	0	0,0%	15	-39	-261,6%
Heimastuðningur	602	622	-20	-3,2%	385	217	56,3%
Hjúkrunarheimili	62	44	19	42,4%	86	-24	-27,6%
Þjónustubúðir	364	329	34	10,5%	336	28	8,2%
Hælsleitendur og flóttamannaverkefni	-56	-3	-54	2090,4%	-3	-53	1814,6%
Vistgreiðslur	747	401	346	86,2%	457	290	63,4%
Stuðnings- og stoðþjónusta	867	816	51	6,2%	822	45	5,4%
NPA	431	401	31	7,7%	329	103	31,2%
Ýmis úrræði	118	118	0	-0,1%	174	-56	-32,2%
Önnur gjöld	70	113	-43	-38,0%	144	-73	-51,2%
Samtals	9.715	9.476	238	2,5%	8.772	942	10,7%

Helstu frávik

Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk var 84,3 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3%. Þjónustuhópurinn var um 462 einstaklingar yfir tímabilið. Frávik skýrist einnig af fjölpættum vanda í búsetu fatlaðs fólks, álagi í kjörnum og veikindum starfsmanna en sífellt er unnið að bætingu í samræði við mannauðsþjónustu sviðsins. Meðalveikindahlutfall var 7,7% á tímabilinu sem samsvarar 52 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 2,1% á tímabilinu sem samsvarar 14 stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjör var 35,7 m.kr. á tímabilinu sem er ekki áætlað fyrir.

Hjúkrunarheimili voru 18,5 m.kr. umfram fjárheimildir eða 42,4%. Droplaugarstaðir voru 11,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 42,8%. Tekjur voru á pari við áætlun. Laun og launatengd gjöld voru 11,6 m.kr. umfram fjárheimildir. Meðalveikindahlutfall var 7,5% á tímabilinu sem samsvarar 8 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 3,5% á tímabilinu sem samsvarar 4 stöðugildum. Greidd laun vegna veikindaafleysinga voru um 10 m.kr. en daggjöld standa ekki undir þeim kostnaði. Óskað verður eftir bætingu upp í þennan kostnað frá Sjúkratryggingum Íslands. Seljahlíð var 6,9 m.kr. umfram fjárheimildir eða 41,7%. Tekjur voru 24,1 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Ein helsta skýringin er sú að áætlun gerði ráð fyrir 18 rýmum en búið að er að fækka rýmum niður í 15. Laun og launatengd gjöld voru 12 m.kr. innan fjárheimilda. Langtímaveikindi voru 4,4% á tímabilinu sem samsvarar 3 stöðugildum. Sjúkratryggingar Íslands hafa gert samkomulag við Reykjavíkurborg um að fresta frekari framkvæmd uppsagnar á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilisins, til og með 31. ágúst 2024. Sjúkratryggingar munu greiða 3,625 m.kr. mánaðarlega í 6 mánuði, fyrsta greiðsla mun berast vegna marsmánaðar. Greiðslurnar eru til viðbótar greiðslum samkvæmt samningi. Lögð er áhersla á fulla nýtingu allra rýmanna.

Þjónustuíbúðir voru 34,4 m.kr. umfram fjárheimildir eða 10,5%. Alls búa 355 einstaklingar í þjónustuíbúð. Mikil breyting hefur verið á íbúasamsetningu þjónustuíbúða undanfarin ár og fólk með fjölpættan vanda (fíkn- og geðvanda) orðinn stærri hluti íbúa. Unnið er að því að skoða mönnun vegna þjónustuíbúða. Meðalveikindahlutfall var 8,5% á tímabilinu sem samsvarar 10 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 3,1% á tímabilinu sem samsvarar 4 stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjör var 4,4 m.kr. á tímabilinu sem er ekki áætlað fyrir.

Vistgreiðslur barnaverndar voru í heild 345,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 86,2%. Börn sem vistuð eru í Klettabæ á vegum Barnaverndar Reykjavíkur (BR) eru vistuð á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002, nánar tiltekið 84.gr. barnaverndarlaga. Alla jafna eru vistanir með samþykki foreldra eða um er að ræða börn sem BR fer með forsjá yfir. Öll börn sem vistuð eru utan heimilis á vegum BR, hvort sem er í fóstri eða hjá Klettabæ, þurfa á slíkri vistun að halda og á BR hvílir rík lagaskylda til að tryggja þeim úrræði. Það voru 10 börn í forsjá barnaverndar og 9 börn í forsjá foreldra sem dvöldust í Klettabæ á tímabilinu.

Stuðnings- og stoðþjónusta, skammtímavistanir og stuðningsfjölskyldur voru 50,6 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,2%. Þar af voru skammtímavistanir fyrir börn 4 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,2%. Kostnaður við stuðningsfjölskyldur vegna barna í félagslegum vanda var 12 m.kr. umfram fjárheimildir eða 58% og var fjöldi barna 118. Stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna voru 6,9 m.kr. umfram fjárheimildir eða 16,4% og var fjöldi barna 132. Stuðnings- og stoðþjónusta í heild sinni var 26,2 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8,9% og var fjöldi notenda 320. Rekja má yfirfrávikin til lagabreytinga og reglubreytinga Reykjavíkurborgar í samræmi við lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Meðalveikindahlutfall var 4,9% á tímabilinu sem samsvarar 9 stöðugildum. Langtímaveikindi voru 1,7% á tímabilinu sem samsvarar 3 stöðugildum. Frávik vegna orlofsuppgjör var 7,4 m.kr. á tímabilinu sem er ekki áætlað fyrir.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	48	30	18	58,5%
Laun og launat. gjöld	3.369	3.240	129	4,0%
Annar rekstrark.	1.732	1.742	-9	-0,5%
Nettó útgjöld	5.054	4.952	102	2,1%

Nettó útgjöld velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks voru 5.054 m.kr. sem var 102 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,1%. Tekjur voru 48 m.kr. eða um 18 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 3.368 m.kr. eða 129 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,0% sem skýrist helst af uppsöfnuðu orlofi sem starfsfólk tók út á fyrsta ársfjórðungi, orlofsuppgjöri og veikindum. Kostnaður vegna

langtímaveikinda var 56,9 m.kr. en áætlun 22,8 m.kr. Annar rekstrarkostnaður var 1.732 m.kr. sem var 9 m.kr. innan fjárheimilda.


1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Tekjur	420	292	128	43,7%
Gjöld	1.536	1.569	-33	-2,1%
Nettó útgjöld	1.116	1.276	-161	-12,6%

Fjárhagsaðst. (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Framfærslustyrkur	864	830	34	4,1%
Endurgreiðslur frá ríki v. 15. gr.	-400	-292	-108	36,8%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	166	196	-30	-15,3%
Heimildargreiðslur - Átaksverkefni	118	106	12	11,6%
Heim.gr. 16.gr. A aðstoð v/barna	13	17	-4	-23,5%
Nettó útgjöld	762	857	-95	-11,1%

m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,1%. Ríkið endurgreiðir sveitarfélögum veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Upphæðin fyrir tímabilið janúar-mars liggur ekki fyrir en gera má ráð fyrir að endurgreiðslan gæti numið allt að 400 m. kr. Athugið að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækkaði um 4,9% í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og tók hækkingin gildi þann 1. janúar 2024.

Notendur fjárhagsaðstoðar (fjöldi)	Fjöldi jan-mar 2024	Fjöldi jan-mar 2023	Br. millí ára	%
Fjárhagsaðstoð alls	2.304	2.664	-360	-13,5%
Fjárhagsaðstoð 6 mán eða lengur	850	933	-83	-8,9%
Framfærslustyrkur	1.777	1.982	-205	-10,3%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	1.009	1.353	-344	-25,4%



Sérstakur húsnæðisstuðningur	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Sérstakur húsnæðisst. alm. markaði	166	185	-18	-9,9%
Sérstakur húsnæðisst. félagsl. húsn.	208	235	-27	-11,5%
Endurgreiðslur frá ríki v. 15. gr.	-20	0	-20	%
Nettó útgjöld	354	419	-65	-15,6%

sama tímabili og í fyrra. Taflan sýnir uppsafnaðan fjölda á tímabilinu samanborið við uppsafnaðan fjölda á sama tímabili í fyrra. Línuritið sýnir fjölda notenda í hverjum mánuði.

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum velferðarsviðs, þ.e. prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Gjöld bundinna liða voru 1.536 m.kr. sem var 33 m.kr. eða 2,1% innan fjárheimilda. Nettó gjöld vegna fjárhagsaðstoðar námu 1.162 m.kr. og gjöld vegna sérstaks húsnæðisstuðnings námu 354 m.kr. Endurgreiðsla frá ríkinu mun koma til með að lækka kostnað vegna fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð: Útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar voru 1.162 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi sem var 129

Framfærslustyrkur nam 864 m.kr. sem var 34 m.kr. eða 4,1% innan fjárheimilda. Notendum hefur fækkað um 205 frá því á sama tímabili í fyrra eða um 10,3% og eru nú 1.777 notendur sem hafa fengið framfærslustyrk á einhverju tímabili það sem af er árs. Myndin sýnir uppsafnaðan fjölda notenda á tímabilinu samanborið við sama tímabil í fyrra en línuritið sýnir fjölda í hverjum mánuði.


Heimildargreiðslur voru alls 297 m.kr. Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar voru 166 m. kr. sem var 30 m.kr. innan fjárheimilda eða 15,3%. Heimildargreiðslur vegna átaksverkefna námu 118 m.kr. og voru 12 m.kr. umfram fjárheimildir eða 11,6%. Heimildargreiðslur 16. gr. reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð vegna aðstoðar til barna voru innan fjárheimilda um 4 m.kr. eða 23,5%. Heimildargreiðslur í heild voru því 22 m.kr. innan fjárheimilda. Heimildargreiðslum til notenda á fjárhagsaðstoð hefur fækkað ásamt fjölda notenda með framfærslustyrk. Fjöldi þeirra sem fengu heimildargreiðslur í janúar til mars 2024 var 1.009 sem er fækkun um 344 notendur eða 25,4% miðað við sama tímabil árið 2023.

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Nettó útgjöld voru 354 m.kr. sem var 65 m.kr. eða 15,6% innan fjárheimilda.

Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur á almennum leigumarkaði var 166 m.kr. eða 18 m.kr. innan fjárheimilda. Notendum fækkaði um 23 frá

TRÚNAÐARMÁL

Notendur sérstakur hús. (fjöldi)	Fjöldi jan-mar 2024	Fjöldi jan-mar 2023	Br. milli ára	%
Sérstakur húsnæðisst.alm. markaði	1.750	1.773	-23	-1,3%
Sérstakur húsnæðisst. félagsl. hús.	2.040	1.880	160	8,5%
Samtals	3.790	3.653	137	4%



Sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir leigjendur í félagslegu húsnæði var 208 m.kr. eða 27 m.kr. innan fjórheimilda. Notendum með sérstakan húsnæðisstuðning í félagslegu húsnæði fjölgaði um 160 frá sama tímabili 2023. Hér er um að ræða uppsafnaðan fjölda yfir fyrsta ársfjórðung. Tekjumörk voru hækkuð um 5,6% í samræmi við lög um húsnæðisbætur og tóku reglurnar gildi 1. janúar 2024 en afturvirk leiðrétting vegna tekjumarka sérstaks húsnæðisstuðnings var framkvæmd í apríl og kemur því inn á næsta ársfjórðung. Eignamörk voru hækkuð um 8,2% í samræmi við eignamörk í reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði og tóku reglurnar gildi 1. janúar 2024. **Ríkið hefur samþykkt að endurgreiða sveitarfélögum sérstakan húsnæðisstuðning** sem veittur er erlendum ríkisborgurum í samræmi við 15. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Upphæðin fyrir tímabilið janúar-mars liggur ekki fyrir en gera má ráð fyrir að endurgreiðslan gæti numið allt að 20 m. kr.